



Æskilegt er að fara með barn í fyrstu heimsókn til tannlæknis áður en allar tuttugu barnatennurnar eru komnar upp eða á milli tveggja og þriggja ára aldurs. Í fyrstu heimsókninni er umhverfi tannlækningastofunnar kynnt, tennur skoðaðar og taldar auk þess sem foreldrum er leiðbeint um tannhirðu barns, mataræði og flúornotkun. Reglulegt eftirlit tannlæknis einu sinni á ári er mikilvægur þáttur í tannvernd barna.

**Farið með barnið til tannlæknis
eigi síðar en milli tveggja og
þriggja ára aldurs**

